

Sp.

511. Beiðni um skýrslu

[283. mál]

frá menntamálaráðherra um framkvæmd reglugerðar um sérkennslu, nr. 270/1977.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Eiði Guðnasyni, Guðmundi Einarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Karvel Pálmasyni, Kristínu H. Tryggvadóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur og Stefáni Benediktssyni.

Með vísan til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að menntamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd reglugerðar um sérkennslu, nr. 270/1977, og hvort fyrirhugaðar séu breytingar á þeirri reglugerð og þá hverjar.

Í skýrslunni er óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði:

1. Hvernig hefur tekist að ná fram meginstefnu reglugerðarinnar um að sem flestir nemendur stundi nám í almennum grunnskóla?
2. Hver tekur ákvörðun um sérkennsluþörf eftir fræðsluumdæmum og hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar endanlegri ákvörðun um sérkennslumagn í hverju fræðsluumdæmi hvert skólaár? — Hefur Fjárlaga- og hagsýslustofnun lagt til niðurskurð á umbeðinni þörf menntamálaráðuneytis? Ef svo er, hvenær og hve mikið?
3. Hve mörg börn hafa fengið annars vegar sérkennslu
 - a. innan almenna grunnskólans,
 - b. í sérskólum,
 - c. í sérdeildum,og hins vegar stuðningskennslu í hverju umdæmi fyrir sig frá gildistöku reglugerðar um sérkennslu?
4. Hve mörg börn þurfa á sérkennslu og stuðningskennslu að halda í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig? Er hægt að leysa í meira mæli þörf barna fyrir sérkennslu innan almenna grunnskólans fremur en í sérskólum væri grunnskólunum til þess búin betri aðstaða?
5. Hvernig hefur verið staðið við ákvæði 15. gr. um kennslumagn, skipt eftir fræðsluumdæmum, sem að fullu átti að vera komið til framkvæmda að fjórum árum liðnum frá gildistöku reglugerðarinnar
 - a. á forskólastigi, sbr. 16. gr. A. 1 og 2,
 - b. í grunnskólum, sbr. 16. gr. B. 1,
 - c. í sérskólum, sbr. 16. gr. B. 2?

6. Hve mikið fjármagn hefur runnið árlega til
 - a. sérkennslu innan almenna grunnskólans,
 - b. stuðningskennslu,
 - c. sérskóla,
 frá gildistöku reglugerðarinnar, skipt eftir fræðsluumdæmum?
7. Hvernig skiptast nemendur eftir umdæmum á sérskóla? Hvar eru þeir staðsettir?
8. Hvernig er yfirstjórn sérskólanna háttað? Hver eru tengsl þeirra við fræðsluskrifstofur viðkomandi umdæma?
9. Hefur verið sett námsskrá um kennslu í sérstofnunum vegna sérkennslu, sbr. ákvæði 12. gr. reglugerðarinnar?
10. Hve margir sérmenntaðir kennarar annast sérkennslu, skipt eftir fræðsluumdæmum, sbr. 13. gr. reglugerðarinnar? Hvað er þörf fyrir marga sérkennara, skipt eftir fræðsluumdæmum?
11. Hvernig hafa verið leyst vistunarmál nemenda utan af landi sem sækja þurfa sérkennslu utan síns fræðsluumdæmis?
12. Hve margir nemendur njóta kennslu í heimahúsum, sbr. 18. gr.? Hver er þörfin?
13. Hvar hafa verið stofnuð skólaathvörf og lesver, sbr. 20. gr.? Hver er þörfin?
14. Hve margir nemendur hafa fengið fræðslu og verklega þjálfun eftir skólaskyldualdur, sbr. 3. gr. C í reglugerðinni? Hver er þörfin, skipt eftir fræðsluumdæmum?
15. Hvernig hefur verið staðið að samræmdum aðgerðum vegna sérkennslu fyrir landið allt, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar?
16. Telur menntamálaráðherra þörf á endurskoðun reglugerðar um sérkennslu? — Ef svo er, hverjar eru meginhugmyndir ráðherrans varðandi þá endurskoðun?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 20. jan. 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.	Eiður Guðnason.	Guðmundur Einarsson.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Karl Steinar Guðnason.	Karvel Pálmason.
Kristín H. Tryggvadóttir.	Kolbrún Jónsdóttir.	Stefán Benediktsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.